

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

3350-003-FUN-113-V01

DAGS. / TÍMI FUNDAR

15.11.2018 / 10:00

NR. FUNDAR

113

VERKHEITI

113. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir (START)

VERKKAUPI

START hópurinn

FUNDAREFNI

1. Staða skráningar
2. Minnisblað um „Kostnaður vegna skorts, aðferðafræði“
3. Önnur mál

FUNDARGERÐ

IJB / 16.11.2018

FUNDARBOÐARI

IJB

FUNDARSTAÐUR

EFLA

FUNDARMENN

Ragnar Stefánsson (RS)
 Benedikt Einarsson (BE)
 Egill Sigmundsson (ES)
 Gunnar Haukur Gunnarsson (GHG)
 Kjartan Rolf Árnason (KRA)
 Ragnar Emilsson (ER)
 Rán Jónsdóttir (RJ)
 Ingvar Júlíus Baldursson (IJB)
 Kolbrún Reinholdsdóttir (KR)
 Jón Vilhjálmsson (JV)
 Jónas Hlynur Hallrímsson (JHH)

FYRIRTÆKI

Landsnet
 Veitur
 HS-Veitur
 Norðurorka
 RARIK
 Orkubú Vestfjarða
 Orkustofnun
 EFLA
 EFLA
 EFLA
 EFLA

FJARVERANDI

Marínó Stefánsson

FYRIRTÆKI

Rafveita Reyðarfjarðar

DREIFING

START hópurinn

FYRIRTÆKI

FUNDARSKIÖL

...

NÆSTI FUNDUR

16.05.2019 / 10:00

DAGSKRÁ OG EFNI FUNDAR

ÁBYRGÐ / ÁKVÖRÐUN

Fundur START hópsins var að þessu sinni haldinn hjá EFLU, Lynghálsi 4.

1. Staða skráningar

Farið var yfir stöðu skráningar truflanaskýrsla hjá veitunum.

Norðurorka:	Skráning truflanaskýrsla gengur vel og er gerð jafnóðum. Það hafa orðið tvær bilanir í háspennukerfinu, sem er sjaldgæft.
HS-Veitur:	Er með svipuðum hætti og undanfarin ár.
RARIK:	Eru að nota eldra skáningarkerfi, fyrirhugað er að skipta um kerfi. Það er búið að skrá 575 skýrslur þar af eru um 330 fyrirvaralausar truflanir, eitthvað vantar á skráningu.
Orkubú Vestfjarða:	Er svipað og á síðasta ári. Það má líða einn mánuður áður en lokið er við skráningu skýrslu.
Landsnet:	Það eru fleiri truflanaskýrslur í ár en undanfarin ár. Spurt var um hvað veldur þessari aukningu, væri það aukið álag? RS nefndi að það hafa verið töluvert af truflunum á 66 kV kerfi á Suðurlandi. Snjallnetið væri nýtt til þess að tryggja rekstur kerfisins.
Veitur:	Eru aðeins eftir á í skráningu skýrslna. Þeir fylgjast með SMS stuðlinum (straumleysi mínútur) og hann er orðinn stærri en 26 mínútur í ár, en gildið er jafnaði undir 25 mínútum.

2. Kostnaður vegna skorts

EFLA lagði fram minnisblað „Kostnaður vegna raforkuskorts, aðferðarfræði“. JHH fór yfir minnisblaðið. Í minnisblaðinu er borið saman helstu aðferðir sem beitt er í að meta kostnað vegna raforkuskorts, kostir þeirra og takmarkanir. Aðferðirnar eru:

- i. Notkun á þjóðhagsreikningum
- ii. Spurningakannanir og viðtöl
- iii. Tilviksrannsóknir hjá notendum (e. case studies)
- iv. Uppsettur viðbúnaður notanda

JV benti á að START hópurinn hefur notað allar þessar aðferðir í sinni vinnu. Í skýrslum START hóps um Kostnað vegna skorts hefur aðalega verið stuðst við aðferð 1 og 2.

JHH fór yfir KILE kostnað í Noregi og rannsóknir sem gerð hafa verið þar (KILE er kostnaður er tilgreindur í norskum lögum og Stanett ber að greiða notendum bætur vegna raforkuskorts út frá þessum kostnaði.) Einnig fór JHH yfir rannsókn á vegum ACER (Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði í Evrópusamandsríkjunum) sem vildi fá kostnaðartölur fyrir öll sín aðildarríki, og bar saman niðurstöður ACER við tölur START hópsins. JHH benti á að mikill breytileiki er milli landa í niðurstöðum ACER.

JHH kynnti hugmyndir að frekari vinnu START hópsins á kostnaði vegna raforkuskorts, en þær eru:

- i. Greina sérstaklega kostnað við raforkuskort hjá nýjum stórum notendum
- ii. Undirbúa tilviksrannsókn
- iii. Uppfæra aðferðarfræði START varðandi kostnað út frá þjóðhagslegum forsendum og laga hana að ACER aðferðarfræðinni

Umræður um minnisblaðið og vinnu START hópsins í framhaldinu.

- ES benti á að í lið i (kostnað hjá stórum notendum) að þetta væru allt notendur Landsnets.

- Rætt um tilviksrannsóknir. T.d. í straumleysi sem var í Hveragerði í ár, hefði verið hægt að beita um tilviksrannsókn, en slíkar rannsóknir þar að undirbúa vel áður.
- KRÁ benti á að athuga mætti að nýta vefsíðu ef gerð væri tilviksrannsókn.
- ES vildi meina að það þyrfti að vera utankomandi aðili sem sæi um tilviksrannsókn í kjölfar rafmangsléysis.
- JV nefndi að oft eru fá fyrirtæki í greinum hérlendis, sem getur flækt athuganir.
- GHG spurði hvort að við gætum nýtt okkur útreikninga og reynslu Norðmanna

ES spurði hvernig fyrirtækin eru að nota tölur um Kostnað vegna skorts.

JV benti á að Landsnet er að nota upplýsingar í framkvæmdaáætlun sína.

RJ sagði að Orkustofnun hefði áhuga á að meta kostnað við orkuleysi hjá notendum.

JV sagði að það mætti velta því fyrir sér hvort Orkustofnun ætti ferkar að sjá um útgáfa á skýrslu um kostnað vegna skorts en START hópurinn.

Ákvarðanir.

- 1) Að gefa út skýrslu um „Kostnað vegna skorts. Tölur til notkunar árin 2019 og 2020“, eins og er gert ráð fyrir áætlun ársins.
- 2) Bæta aðferðafræði við útreikninga
 - a. Greina sérstaklega kostnað við raforkuskort hjá nýjum stórum notendum það er gagnaver, kísilver og framleiðsla álþynna. Einnig væri farið yfir tölur fyrir álverin og járnblendid
 - b. Uppfæra aðferðafræði START varðandi kostnað út frá þjóðhagslegum forsendum og laga hana að ACER aðferðafræðinni.

3. Áætlun ársins 2019

IB fór yfir verkefnishandbók næsta árs. EFLA mun fara yfir verkefnishandbók og meta kostnað við að bæta aðferðafræði við útreikninga. Fundarmenn hafa hálfan mánuð til að koma með athugasemdir við áætlunina. Ef það koma engar athugasemdir telst hún samþykkt.

4. Önnur mál

ES spurði RJ hvernig hún ætlaði að taka á „Kostnað vegna skorts“ hjá Orkustofnun. RJ ætlar að skoða lagaumhverfi og hvert er hlutverk Orkustofnunar í þessum málaflokk.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudag 16. maí hjá RARIK.

Mögulega verður boðað til aukafundar ef þörf er að ræða nánar um verkefnið „Kostnað vegna skorts“.

Ingvar Baldursson

Sýnt og dreift til fundarmanna:

- Glærur: Kostnaður vegna raforkuskorts, aðferðafræði
- Minnisblað um kostnað vegna skorts
- Verkefnishandbók 2019, drög